

Ed.

315. Breytingartillögur

við frv. til laga um loftferðir.

Frá Birni Kristjánssyni.

1. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Á Íslandi mega loftför, sem ekki eru eign ríkisborgara, því aðeins halda uppi loftferðum, að þau hafi gert sjerstakan samning um það við stjórn landsins og að þeir annist aðeins flutninga á fólki, farangri og pósti.

2. Við 20. gr. Liðurinn c. falli burt.

3. Við 22. gr. Fyrir »20 ára« komi: 10 ára.

4. Aftan við 38. gr. komi 2 nýjar greinar, 39. og 40. gr., svo hljóðandi:

a. Heimilt er atvinnumálaráðherra að ráða innlendan mann með fullkomnu flugvjelaprófi sjer til aðstoðar til að annast eftirlit með flugvjelunum, viðhaldi þeirra og stjórn á þeim, og til að vera til ráðuneytis um allt það, er að loftferðamálum lýtur.

b. Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef styrjöld skyldi brjótast út í nágrannalöndunum á leyfistimabilinu, að banna um stundarsakir leyfshöfum allar loftferðir innanlands og á milli landa, eða að taka loftferðirnar og flugáhöldin að öllu leyti í ríkisstjórnarinnar hönd, gegn leigu, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semst um leiguna á annan hátt.